

REGLUR **háskólaráðs um stjórnun, varðveislu og ávöxtun eigna styrktarsjóða** **Háskóla Íslands**

1. gr.

Skipan stjórnar og hlutverk hennar

Háskólaráð skipar þriggja manna stjórn styrktarsjóða Háskóla Íslands til að annast varðveislu gjafa til Háskólans og varðveislu eigna og ávöxtun framseljanlegra verðbréfa í eigu styrktarsjóða sem Háskólinn varðveitir á grundvelli ákvæða skipulagsskrár viðkomandi sjóðs eða sem Háskólinn hefur veitt viðtöku frá hinum ýmsu styrktarsjóðum Háskóla Íslands. Yfirlit yfir þessa sjóði er að finna í fylgiskjali með reglum þessum.

2. gr

Skipun stjórnar

Háskólaráð skipar þriggja mana sjóðastjórn til þriggja ára. Einn stjórnarmanna skal ekki vera starfsmaður Háskóla Íslands.

3. gr

Verkefni stjórnar

Stjórn annast sameiginlega fjárfestingu styrktarsjóða Háskóla Íslands í framseljanlegum verðbréfum í samræmi við fjárfestingastefnu sjóðanna og hefur umboð til að ganga frá samningum við fjárvörsluaðila um ávöxtun fjármuna þeirra.

Stjórn fer með forsvar fyrir hönd Háskólans gagnvart sjálfstæðum styrktarsjóðum hans og getur tekið við fjármunum frá þeim til varðveislu.

Stjórn annast úthlutun úr sjóðasafni Háskólans sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá frá 9.maí 1975, sbr. 3. gr og 4. gr skipulagsskrárinnar og öðrum styrktarsjóðum samkvæmt umboði stjórnar þeirra.

Stjórn er heimilt að hlutast til um breytingu, slit eða sameiningu sjóðs hafi aðstæður breyst þannig að markmiðum sjóðsins verði ekki náð eða stjórn ekki skipuð samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár, allt í samræmi við lög og reglur sem gilda um viðkomandi sjóð.

Stjórn er heimilt að hlutast til um stofnun sjóðs um gjafir sem gefnar eru Háskólanum.

Stjórn skal árlega endurskoða listann yfir styrktarsjóði Háskóla Íslands, sbr. 2. mgr 1.gr og gefa út yfirlit yfir sjóðina og reglur þeirra. Hún skal enn fremur sjá um að reglur sjóðanna séu aðgengilegar almenningsi.

Stjórn skal árlega gefa háskólaráði skýrslu um stöðu styrktarsjóðanna og styrkveitingar úr þeim, sem skal birt í Árbók Háskólans. Jafnframt skal stjórn gera tillögur til háskólaráðs um fjárfestingastefnu styrktarsjóðanna fyrir komandi ár.

4. gr

Störf stjórnar

Stjórn kýs sér formann. Formaður kveður stjórnina til funda, undirbýr þá og stýrir þeim. Fundi skal einnig halda að ósk einstakra stjórnarmanna. Afl atkvæða ræður úrslitum þegar teknar eru ákvarðanir. Færa skal í fundargerðabók það helsta sem gerist á stjórnarfundum.

5. gr

Daglegur rekstur

Háskólinn ræður starfsmann á fjárreiðusvið Háskólans (sjóðastjóra) til að annast daglegan rekstur sjóðanna í umboði sjóðastjórnar og undir eftirliti framkvæmdastjóra fjárreiðusviðs. Meðal verkefna sjóðastjóra er dagleg umsýsla vegna eigna og ávöxtunar samkvæmt ákvörðunum stjórnar.

Laun sjóðastjóra skulu greidd sameiginlega af styrktarsjóðum Háskólans sem heyra undir þessar reglur.
Fjárreiðusvið Háskólans skal annast greiðslur úr sjóum sem heyra undir þessar reglur.

6. gr

Ársreikningar og endurskoðun

Reikningsár sjóðanna sem reglur þessar taka til er almanaksárið. Háskólaráð skal tilnefna endurskoðanda sem skoða reikninga styrktarsjóðanna árlega.

I. SJÓÐIR UNDIR STJÓRN HÁSKÓLA ÍSLANDS.**A. Staðfest skipulagsskrá**

1. Columbiasjóðurinn nr 104/1951
2. Det Danske Selskabs Studenterlegat nr 190/1945
3. Gjafasjóður Guðmundar J. Andrússonar nr 245/1969
4. Minningarsjóður norskra stúdentna nr 149/1948
5. Minningarsjóður Theódórs B. Johnson nr. 307/1980
6. Sáttmálasjóður Háskóla Íslands nr 11/1919
7. Sjóðasafn Háskóla Íslands nr 221/1975
8. Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Scheving Thorsteinssonar nr 794/2001
9. Verðlaunasjóður Óskars Þórðarsonar barnalæknis nr 968/2000

B. Ekki staðfest skipulagsskrá

10. Almanakssjóður nr 407/1973
11. Háskólasjóður
12. Minningarsjóður Þórunnar og Davíðs Scheving Thorsteinssonar
13. Sjóður Árna Magnússonar (Þessi sjóður er líklega ekki lengur til)

II. SJÓÐIR UNDIR SJÁLFSTÆÐRI STJÓRN**A. Staðfest skipulagsskrá**

14. Eggertssjóður 565/1995
15. Framfarasjóður B.H. Bjarnasonar kaupmanns nr 110/1935
16. Háskólasjóður hf Eimskipafélags Íslands (ákvæði um vörslu HÍ) nr 247/1964
17. Heimspækisjóður Brynjólfs Bjarnasonar nr 548/1990
18. Legat Guðmundar Magnússonar prófessors og Katrínar Skúladóttur nr 78/1935
19. Menningar- og framfarasjóður Ludvig Storr (ákvæði um vörslu HÍ) nr. 98/1980
20. Minningarsjóður Aðalsteins Kristjánssonar nr 245/1978
21. Minningarsjóður John Macenna Pearson nr 316/2001
22. Minningarsjóður dr. phil. Jóns Jóhannessonar nr. 409/1983
23. Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar verkfræðings (ákvæði um vörslu HÍ) nr. 87/1952
24. Minningarsjóður um aldarafmæli frjálsrar verslunar nr 43/1961
25. Minningarsjóður dr. Rögnvalds Péturssonar nr 79/1964
26. Norðmannsgjöf nr 141/1961
27. Sagnfræðisjóður Björns Þorsteinssonar (ákvæði um vörslu HÍ) nr. 525/1986
28. Selma og Kay Langvad Legat nr 220/1964
29. Sjóður Einar Munkgaards (ákvæði um vörslu HÍ) nr. 111/1938
30. Sjóður Níelsar Dungal nr. 212/1971
31. Starfssjóður Guðfræðistofnunar nr 277/1987
32. Starfssjóður læknadeildar Háskóla Íslands nr 399/1988
33. Starfssjóður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands (ákvæði um vörslu HÍ) nr 165/1991

34. Styrktarsjóður Listasafns Háskóla Íslands (ákvæði um vörslu HÍ) nr 780/1990
35. Styrktarsjóður Margaret og Bent Scheving Thorsteinssonar nr. 111/2002
36. Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur nr 245/1970
37. Sögusjóður stúdenta nr 43/2001
38. Verðlaunasjóður Alfred Benson nr 117/1954

B. Ekki staðfest skipulagsskrá

39. Lyfjabúð Háskóla Íslands
40. Minningarsjóður Þorvalds Finnbogasonar (ákvæði um vörslu HÍ)
41. Rannsóknarsjóður IBM vegna Reiknistofnunar Háskóla Íslands (er líklega ekki til lengur)

III. GJAFIR SEM EKKI ERU SJÁLFSEIGNARSTOFNANIR

42. Canada trust sjóður
43. Gjöf BHM
44. Gjöf Gunnars Th. Bjargmundssonar
45. Gjöf frá framkvæmdabanka Íslands til að skreyta hátíðarsalinn
46. Gjöf Soffíu Jónsdóttur Sörensen um Børge Sörensen
47. Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli
48. Styrktarsjóður fatlaðra stúdenta

IV. SJÓÐIR SEM GÖGN VANTAR UM

49. Kapellusjóðurinn
50. Styrktarsjóður Ragnheiðar Jónsdóttur
51. Verkfræðideild – Landmælingar